



Reykjavík, 23. febrúar 2026
VEL26020064

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um samstarfssamnings sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna

Á fundi velferðarráðs þann 18. febrúar 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 16. febrúar 2026, um samþykkt samstarfssamnings sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna:

Lagt er til að samþykkt verði drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna, auk draga að verklagsreglum teymisins og stýrihóps þess. Reykjavíkurborg annast hýsingu bráða- og viðbragðsteymisins og starfsmannahald vegna þess. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til ársloka 2027.

Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Framsóknarflokksins, lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Framsóknar fagna því að Púlsinn sé að taka til starfa. Staða ofbeldismála á meðal barna og ungmenna hefur verið viðsjárverð og mikilvægt er að yfirvöld stígi inn í með afgerandi hætti. Framsókn hvetur til þess að sáttamiðlun verði notuð þar sem því verður við komið til þess að ná fram góðum málalýktum. Skoða þarf sérstaklega hvort ástæða sé til þess að endurvekja verkefnið Hringinn í því samhengi.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Þess er óskað að skrifstofa borgarstjórnar annist samskipti við SSH vegna undirritunar samningsins.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um samþykkt samstarfssamnings sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna lögð fram á fundi velferðarráðs 18. febrúar 2026, ásamt fylgiskjöllum.



Reykjavík



Reykjavík, 16. febrúar 2026

VEL26020064

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Samþykkt samstarfssamnings sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna

Lagt er til að samþykkt verði drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna, auk draga að verklagsreglum teymisins og stýrihóps þess. Reykjavíkurborg annast hýsingu bráða- og viðbragðsteymisins og starfsmannahald vegna þess. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til ársloka 2027.

Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna verkefnisins rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Bráða- og viðbragðsteymið er þverfaglegt og sérhæft teymi sem hægt er að virkja um leið og ofbeldi eða hótanir um ofbeldi á sér stað á meðal 10 til 18 ára barna sem sýna áhættuhegðun. Tilgangur þess er m.a. að auka viðbragðsflýti vegna ofbeldismála, auðvelda og skýra boðleiðir þegar upp koma ofbeldismál og tryggja skilvirka samvinnu allra kerfa.

Þann 30. maí 2025 auglýsti mennta- og barnamálaráðuneytið eftir styrkumsóknum frá sveitarfélögum vegna verkefna sem miða að því að efla farsæld barna. Styrkveitingin er hluti af aðgerðum stjórnvalda í áætlun vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum. Reykjavíkurborg sótti í framhaldinu um styrk þann 30. júní 2025 í þágu farsældar barna, vegna fyrirhugaðs samstarfsverkefnis sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Þann 6. nóvember 2025 veitti mennta- og barnamálaráðuneytið Reykjavíkurborg styrk að fjárhæð kr. 240.727.235, vegna verkefnisins. Styrktarsamningur var undirritaður sama dag og gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2027.

Styrkurinn tekur til launakostnaðar hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. starfsfólks bráða- og viðbragðsteymisins, og kaupa á sérhæfðri ráðgjöf árin 2026 og 2027. Styrkurinn nær ekki til kostnaðar vegna mannauðsmála, tækjakaupa, annars aðbúnaðar fyrir starfsfólk eða ófyrirséðs kostnaðar. Áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna reksturs verkefnisins er 16.781.156 kr., sem rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.



Reykjavík



Fylgiskjöl:

Bréf framkvæmastjóra SSH varðandi viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna dags 4. febrúar 2026.

Drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna.

Drög að verklagsreglum bráða -og viðbragðsteymis og stýrihóps þess.

Samstarfsyfirlýsing vegna þátttöku BOFS og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í miðlægu bráða -og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna.

Styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, dags. 6. nóvember 2025.

Umsókn um styrk til sveitarfélag í þágu farsældar barna, dags. 30. júní 2025.



Reykjavík



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur
Heiða Björg Hilmisdóttir
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogur, 4. febrúar 2026.
Málsnr. 2510016
HH/PBG

Efni: Viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna.

Á 622. fundi stjórnar SSH, hinn 2. febrúar 2026, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2510016 - Viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna

Sviðsstjórar velferðarsviða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sóttu, undir forystu Reykjavíkurborgar, um styrk til mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna stofnsetningar miðlægs bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu. Fallist hefur verið á að veita styrk að fjárhæð 240.727.235 kr., og er honum ætlað að nýtast til launagreiðsla og kaupa á sérhæfðri ráðgjöf en ekki annars kostnaðar. Framangreint var kynnt á 617. fundi stjórnar SSH og skrifstofu SSH þá falið að taka þátt í nánari útfærslu og samningagerð í tengslum við ofangreint verkefni í samvinnu við samráðshóp á sviði velferðarmála.

Nú eru fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna og drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps. Gerð er tillaga um að þeim verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna. Einnig liggja fyrir drög að samstarfsyfirlýsingu vegna þátttöku Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í þessu verkefni. Þá liggja fyrir til kynningar styrkumsókn vegna verkefnisins og styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytis við Reykjavíkurborg, dags. 6. nóv. 2025.

Rannveig Einarsdóttir kynnir. Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og er skrifstofu SSH falið að senda fyrirbyggjandi drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna og drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Á grundvelli ofangreinds er farið fram á að meðfylgjandi drög að samstarfssamningi, fylgiskjal 1, verði tekin til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins, en skv. 2. mgr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011 er staðfesting sveitarstjórnar áskilin svo hann öðlist gildi. Í samningsdrögunum er m.a. fjallað um



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

hýsingu og rekstur teymisins svo og kostnaðarþátttöku einstakra sveitarfélaga vegna þeirra kostnaðarþátta sem styrkur ráðuneytisins tekur ekki til.

Er einnig farið fram á að meðfylgjandi drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps, fylgiskjal 2, verði tekin til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins, enda er staðfesting hlutaðeigandi sveitarstjórna skilyrði fyrir gildistöku reglanna.

Meðfylgjandi til kynningar eru samstarfsyfirlýsing vegna þátttöku BOFS og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í miðlægu bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðar barna, fylgiskjal 3, en þar kemur fram staðfesting þeirra á vilja til þátttöku og samstarfs vegna verkefnisins.

Einnig eru meðfylgjandi til kynningar styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar, fylgiskjal 4, og umsókn um slíkan styrk þar sem Reykjavíkurborg er tilgreind sem umsækjandi og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem samstarfsaðilar, fylgiskjal 5.

Sé óskað frekari upplýsinga eða kynningar á framangreindu skulu beiðnir þess efnis berast SSH í netfangið ssh@ssh.is. Er þess jafnframt óskað að upplýsingar um afgreiðslu málsins á vettvangi sveitarfélagsins verði sendar á netfangið ssh@ssh.is.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Meðfylgjandi:

1. Drög að samstarfssamningi sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi.
2. Drög að verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps.
3. Samstarfsyfirlýsing vegna þátttöku BOFS og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.
4. Styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar.
5. Umsókn um styrk til sveitarfélaga í þágu farsældar barna.



Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík,
Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesveg 1, 200 Kópavogi,
Hafnarfjarðarbær, kt., 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði,
Garðabær kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ,
Mosfellsbær, kt. 470269-5969, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ og
Seltjarnarnesbær, kt. 560269-2429, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi,

(hér eftir „sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu“) gera með sér svohljóðandi

Samstarfssamning um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á grundvelli 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

1. gr.

Tilgangur og markmið

Um er að ræða samstarfsverkefni sveitafélaganna á höfuðborgarsvæðinu um rekstur miðlægs bráða- og viðbragðsteymis vegna ofbeldis meðal 10 til 18 ára barna. Tilgangur þess er að auka viðbragðsflýti vegna ofbeldismála, auðvelda og skýra boðleiðir þegar upp koma ofbeldistilfelli og samræma viðbrögð þjónustuveitenda eins fljótt og auðið er til samræmis við lög nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Tilgangur þessa samnings er m.a. að fjalla um fjármögnun verkefnisins svo og samskipti, hýsingu og rekstur bráða- og viðbragðsteymis. Að samstarfsverkefninu koma auk sveitarfélaganna Barna- og fjölskyldustofa og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. Lýsingu á hlutverki og aðkomu þessara aðila er að finna í verklagsreglum bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps í fylgiskjali við þennan samstarfssamning.

2. gr.

Umsókn um styrk

Þann 30. maí 2025 auglýsti mennta- og barnamálaráðuneytið eftir styrkumsóknum frá sveitarfélögum vegna verkefna sem miða að því að efla farsæld barna. Styrkveitingin er hluti af aðgerðum stjórnvalda í áætlun vegna ofbeldis meðal barna og gegn börnum. Því er sérstök áhersla lögð á verkefni sem ætlað er að sporna gegn ofbeldi meðal barna.

Samráðshópur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) á sviði velferðarmála ákvað, sbr. umfjöllun í fundargerðum nr. 35 dags. 9. apríl 2025, nr. 36 dags. 14. maí 2025 og nr. 37 dags. 11. júní 2025, að skipa bakhóp til að undirbúa bráða- og viðbragðsteymi með

fulltrúum allra sveitafélaganna, Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Barna- og fjölskyldustofu til að undirbúa styrkumsókn til ráðuneytisins.

Reykjavíkurborg sótti í framhaldinu um styrk þann 30. júní 2025 í þágu farsældar barna, vegna fyrirhugaðs samstarfsverkefnis sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sótt var um styrk samkvæmt kostnaðaráætlun. Í umsókninni var Reykjavíkurborg tilgreind sem umsækjandi en hin sveitarfélögin, ásamt Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Barna- og fjölskyldustofu sem samstarfsaðilar. Þrátt fyrir að vera á höfuðborgarsvæðinu og aðili að SSH er Kjósarhreppur ekki formlegur samstarfsaðili eða með beina aðkomu að samningi þessum enda eru í gildi samningar milli Kjósarhrepps og Reykjavíkurborgar um skólaþjónustu og milli Kjósarhrepps og Mosfellsbæjar um velferðarþjónustu. Ítarlega er fjallað um inntak verkefnisins í fyrrgreindri umsókn og kynningarefni um það en gert er ráð fyrir að um samstarfsverkefni sveitarfélaganna sé að ræða.

3. gr.

Styrktarsamningur og gildistími

Þann 6. nóvember 2025 veitti mennta- og barnamálaráðuneytið Reykjavíkurborg styrk að fjárhæð kr. 240.727.235, vegna verkefnisins, styrktarsamningur var undirritaður sama dag. Styrktarsamningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2027.

Styrkurinn tekur til launakostnaðar hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. starfsfólks bráða- og viðbragðsteymisins, og kaupa á sérhæfðri ráðgjöf árin 2026 og 2027. Styrkurinn nær ekki til kostnaðar vegna mannauðsmála, tækjakaupa, annars aðbúnaðar fyrir starfsfólk eða ófyrirséðs kostnaðar. Styrkurinn verður greiddur út í tveimur greiðslum: kr. 192.727.235 greiðast eftir undirritun styrktarsamningsins og kr. 48.000.000 greiðast við skil á skýrslu um framgang og árangur verkefnisins ásamt sundurliðun á því hvernig styrknum var ráðstafað. Þann kostnað sem ekki fæst styrkur fyrir þurfa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu að fjármagna sjálf.

4. gr.

Miðlægt bráða- og viðbragðsteymi

Bráða- og viðbragðsteymið er þverfaglegt og sérhæft teymi sem hægt er að virkja um leið og ofbeldi eða hótanir um ofbeldi á sér stað á meðal 10 til 18 ára barna sem sýna áhættuhegðun. Tilgangur þess er m.a. að auka viðbragðsflýti vegna ofbeldismála, auðvelda og skýra boðleiðir þegar upp koma ofbeldismál og tryggja skilvirka samvinnu allra kerfa. Aðilar samstarfssamningsins skulu hafa með sér samráð á samningstímanum í gegnum stýrihóp sem í sitja tveir fulltrúar frá hverju sveitarfélagi.

Nánar er fjallað um hlutverk og verklag bráða- og viðbragðsteymisins í sérstökum verklagsreglum sem eru fylgiskjal við samning þennan og skoðast sem hluti hans.

5. gr.

Hýsing og rekstur samstarfsverkefnis

Reykjavíkurborg annast hátingu bráða- og viðbragðsteymisins og starfsmannahald vegna þess, en starfsmenn teymisins eru starfsmenn Reykjavíkurborgar og fer um réttindi og skyldur þeirra samkvæmt starfsmannastefnu borgarinnar. Dagleg stjórn miðlægs bráða- og viðbragðsteymisins er í höndum eins teymisstjóra en gert er ráð fyrir að teymið sé skipað sex

til tíu starfsmönnum í 6,5 stöðugildum. Þá annast Reykjavíkurborg fjárhagslega umsýslu verkefnisins og ber ábyrgð á skýrsluskilum vegna þess, til samræmis við styrktarsamning mennta- og barnamálaráðuneytisins við Reykjavíkurborg.

Stýrihópur bráða- og viðbragðsteymisins er skipaður fulltrúum allra sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu ásamt teymisstjóra bráða- og viðbragðsteymisins, fulltrúa Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Fulltrúar Reykjavíkurborgar fara með formennsku í stýrihópnum. Hver samningsaðili þessa samstarfssamnings ber kostnað af störfum sinna fulltrúa í stýrihópnum. Ekki er gert ráð fyrir að samstarfsaðilarnir Barna- og fjölskyldustofa og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fái greitt fyrir sitt framlag sem lýst er í þessum samningi. Hlutverk stýrihópsins er m.a. að samhæfa aðgerðir og verklag í alvarlegum ofbeldistilvikum. Að hafa stefnumótandi ábyrgð og yfirsýn yfir starfsemi bráða- og viðbragðsteymisins, tryggja stjórnsýslulega umgjörð þess og samráð við þjónustuveitendur. Verklagsreglur bráða- og viðbragðsteymisins og stýrihópsins fylgja samningi þessum.

6. gr.

Kostnaður sveitarfélaganna

Styrkur sem fékkst til verkefnisins tekur ekki til allra nauðsynlegra kostnaðarliða heldur aðeins til launakostnaðar og kaupa á sérhæfðri ráðgjöf, sbr. 3. gr. Sá kostnaður sem sveitarfélögin þurfa sjálf að standa að fjármögnun á vegna ára 2026 og 2027 skiptist með eftirfarandi hætti:

Aðbúnaður kr. 19.310.304 (leiga, bifreiðakostnaður, síma- og tölvusamningar).

Stofnkostnaður kr. 3.815.000 (símar, skrifborð, stólar, tölvur, skjáir, lyklaborð o.fl.).

Annar rekstrarkostnaður kr. 6.000.000 (mannauðsmál, fjármál, o.fl.)

Ófyrirsjáanlegur kostnaður kr. 825.000.

Samtals kr. 29.950.304.

7. gr.

Greiðslur og greiðslufyrirkomulag

Kostnaður samkvæmt 6. gr. skiptist milli sveitarfélaganna ár hvert til samræmis við íbúafjölda 1. desember næstliðins árs. Liggi tölur um íbúafjölda skv. skráningu Hagstofu Íslands ekki fyrir á þeim tíma sem greiðsla fer fram skal miða við nýjustu fyrirliggjandi hlutfallstölur.

Áætlaðar greiðslur sveitarfélaganna eru eftirfarandi, með fyrirvara um uppfærslu talna um hlutfallslegan íbúafjölda 1. desember 2026:

Sveitarfélag	Hlutfall af íbúafjölda	Áætlaðar greiðslur 2026	Áætlaðar greiðslur 2027	Samtals
Reykjavíkurborg	56,03%	8.390.578	8.390.578	16.781.156
Kópavogsbær	15,86%	2.375.059	2.375.059	4.750.118
Hafnarfjarðarkaupstaður	12,78%	1.913.824	1.913.824	3.827.648
Garðabær	8,09%	1.211.490	1.211.490	2.422.980
Mosfellsbær	5,43%	813.151	813.151	1.626.302
Seltjarnarneskaupstaður	1,81%	271.050	271.050	542.100
Samtals	100%	14.975.152	14.975.152	29.950.304

Skulu reikningar samkvæmt framangreindu sendir sveitarfélögunum eigi síðar en 15. febrúar ár hvert á gildistíma samningsins og skal greiðsla innt af hendi eigi síðar en 15. mars ár hvert. Reykjavíkurborg annast sendingu reikninga og innheimtu þeirra.

8. gr.

Lokauppgjör

Reykjavíkurborg ber ábyrgð á fjárhagslegri umsýslu verkefnisins og gerð reikningsskila til samræmis við 2. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 sbr. styrktarsamning mennta- og barnamálaráðuneytisins og Reykjavíkurborgar. Í framangreindu felst m.a. gerð fjárhagsáætlana vegna verkefnisins. Verði vart við að kostnaður vegna þeirra liða sem tilgreindir eru í 3. gr. sé vanáætlaður eða kostnaður stefnir af einhverjum ástæðum fram úr fjárhagsáætlun skal stýrihóp verkefnisins gert viðvart án tafar og skal þá leitað leiða til að draga úr kostnaði. Takist slík úrræði ekki skal stýrihópur verkefnisins gera tillögur til breytinga á samningi þessum sem skulu þá lagðar fram til afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna.

Komi í ljós að kostnaður vegna þeirra liða sem tilgreindir eru í 3. og 6. gr. er ofáætlaður, þannig að um ofgreiðslur sveitarfélaganna er að ræða, skal Reykjavíkurborg annast árlegt uppgjör og eftir atvikum endurgreiðslu framlaga eigi síðar en 15. mars ár hvert.

9. gr.

Þagnarskylda og meðferð persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga er á ábyrgð samningsaðila og ber í því tilliti að fara eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og/ eða lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 eftir því sem við á hverju sinni. Starfsfólk sveitarfélaganna er bundið þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þagnarskylda helst þó svo að samstarfi milli aðila ljúki og einnig þótt starfsfólk láti af störfum.

10. gr.

Force majeure

Komi upp óviðráðanleg staða vegna óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvers aðila samkvæmt samningnum.

11. gr.

Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

12. gr.

Breytingar á samningi.

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi aðila.

13. gr.

Gildistími

Samningur þessi er tímabundinn og gildir frá undirritun hans til og með 31. desember 2027.

Reykjavík,

F.h. Garðabæjar,

Almar Guðmundsson bærarstjóri

F.h. Mosfellsbæjar,

Regína Ásvaldsdóttir bærarstjóri

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar,

Valdimar Víðisson bærarstjóri

F.h. Reykjavíkurborgar,

Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri

F.h. Kópavogsbæjar,

Ásdís Kristjánsdóttir bærarstjóri

F.h. Seltjarnarnesbæjar,

Þór Sigurgeirsson bærarstjóri

Fylgiskjöl:

1. Styrktarsamningur mennta- og barnamálaráðuneytis við Reykjavíkurborg, dags. 6. nóv. 2025.
2. Verklagsreglur bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps.
3. Samstarfsyfirlýsing vegna þátttöku Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í miðlægu bráða- og viðbragðsteymi á höfuðborgarsvæðinu vegna ofbeldis meðal barna.



Verklagsreglur

bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps

**Miðlægt bráða- og viðbragðsteymi á höfuðborgarsvæðinu
vegna ofbeldis meðal barna**

Samstarfsverkefni samkvæmt samningi sveitarfélaganna á
höfuðborgarsvæðinu, Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á
höfuðborgarsvæðinu.

Efnisyfirlit:

1.	Formáli.....	2
2.	Skilgreining.....	2
3.	Eignarhald og ábyrgð.....	2
4.	Samstarfsstofnanir	2
5.	Stýrihópur bráða- og viðbragðsteymis	3
6.	Tímabil	3
7.	Rannsókn og mat á árangri verkefnis	3
8.	Starfsfólk bráða- og viðbragðsteymis	3
9.	Teymisstjóri bráða- og viðbragðsteymis	3
10.	Tilvísun í bráða- og viðbragðsteymi.....	3
11.	Ábyrgð máls	4
12.	Upphaf aðkomu teymis	4
13.	Samvinna teymis og ábyrgðaraðila máls.....	4
14.	Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna.....	4
15.	Stuðningsteymi	5
16.	Þjónusta teymis	5
17.	Aðkoma barns.....	5
18.	Þagnarskylda og meðferð persónuupplýsinga.....	5
19.	Skráning í málaskráningarkerfi	5
20.	Flutningur ábyrgðar máls á milli þjónustustiga.....	6
21.	Túlkþjónusta	6
22.	Lokun máls	6
23.	Eftirfylgd	6
24.	Lög og reglugerðir	6

Verklagsreglur miðlægs bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps

1. Formáli

Undanfarin ár hefur alvarlegum ofbeldismálum fjölgað eins og fram kemur í skýrslu Ríkislögreglustjóra, „Ofbeldi barna – staðan og áskoranir“ (2024).

Í kjölfar skýrslunnar tóku sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu höndum saman í samvinnu við Barna- og fjölskyldustofu og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og komu á laggirnar samstarfsverkefni til að stemma stigu við auknu ofbeldi á höfuðborgarsvæðinu. Ákveðið var að stofna miðlægt bráða- og viðbragðsteymi (hér eftir einnig kallað teymið) með því markmiði að mæta þessari aukningu og draga úr ofbeldi og ógnandi hegðun 10-18 ára barna. Markmiðið er að auka viðbragðsflyti vegna ofbeldismála, auðvelda og skýra boðleiðir þegar upp koma ofbeldistilfelli og tryggja að þjónustuveitendur starfi saman eins fljótt og auðið er, sbr. lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Með því að veita stuðning við börn sem beita ofbeldi, á fyrri þjónustustigum, er dregið úr líkum á að slík brot endurtaki sig og þar af leiðandi fækkar þeim málum sem þurfa sérhæfðari þjónustu.

Eftirfarandi verklagsreglur gilda fyrir bráða- og viðbragðsteymið og stýrihóp þess. Verklagsreglur þessar voru unnar af stýrihópnum og öðlast gildi að undangenginni staðfestingu allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

2. Skilgreining

Verkefnið, bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna, er þjónusta fyrir börn á aldrinum 10-18 ára sem beita eða hóta líkamlegu ofbeldi og fjölskyldur þeirra. **Ofbeldi í þessu samhengi er skilgreint sem birtingarmynd áhættuhegðunar og þarf að hafa verið beitt af ásetningi.** Verkefninu er ekki ætlað að mæta annarskonar ofbeldi en aðrar birtingamyndir ofbeldis útiloka ekki aðkomu teymis ef einnig er um líkamlegt ofbeldi eða hótanir að ræða. Staða barns m.t.t. fyrri aðkomu sveitarfélags, greininga eða félagslegrar stöðu hefur ekki áhrif á aðkomu teymisins svo framarlega sem líkur eru á að aðkoma teymisins geti haft jákvæð áhrif á framvindu máls.

3. Eignarhald og ábyrgð

Bráða- og viðbragðsteymið er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögin bera jafna ábyrgð á framgangi verkefnisins. Reykjavíkurborg annast hýsingu teymisins, fjárhagslega umsýslu þess og starfsmannahald. Nánari upplýsingar um þetta má finna í samstarfssamningi um miðlægt bráða- viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðan barna. Reykjavíkurborg mun í lok verkefnisins sjá um skýrsluskil til mennta- og barnamálaráðuneytisins á netfangið mrn@mrn.is skv. [styrktarsamningi](#) ráðuneytisins við Reykjavíkurborg.

4. Samstarfsstofnanir

Barna- og fjölskyldustofa og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu eru samstarfsstofnanir bráða- og viðbragðsteymisins. Hlutverk Barna- og fjölskyldustofu felst helst í stuðningi við þjálfun starfsfólks teymisins á meðan samningstíma stendur ásamt reglulegri handleiðslu farsældar- og meðferðarsviðs vegna vinnslu einstaklingsmála. Einnig mun stofnunin styðja við mat á verkefninu, sjá gr. 6.

Samstarf við lögregluna verður t.d. með samráðsfundum og sameiginlegri vinnslu einstaklingsmála, s.s. stuðningsteymi barns skv. farsældarlögunum.

5. Stýrihópur bráða- og viðbragðsteymisins

Samráðshópur SSH (Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu) á sviði velferðarmála tilnefndi fulltrúa í stýrihóp bráða- og viðbragðsteymisins frá velferðarþjónustu/barnavernd og skólaþjónustu hvers sveitarfélags. Í stýrihópnum sitja einnig teymisstjóri bráða- og viðbragðsteymisins, fulltrúar frá Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Stýrihópurinn fundar mánaðarlega og er formennska hans í höndum fulltrúa Reykjavíkurborgar. Ritun fundargerða skiptist á milli stýrihópsmeðlima.

Hlutverk stýrihópsins er að hafa stefnumótandi ábyrgð og yfirsýn yfir starfsemi bráða- og viðbragðsteymisins. Í því fellst að móta og fylgja eftir verklagi teymisins, tryggja stjórnsýslulega umgjörð þess og samráð við þjónustuveitendur.

Stýrihópnum er ætlað að samhæfa aðgerðir í alvarlegum ofbeldistilvikum, þróa og fylgja eftir verkferlum bráða- og viðbragðsteymisins, tíma- og verkáætlun, tryggja upplýsingaflæði milli samstarfsaðila og meta árangur af starfinu. Stýrihópnum er jafnframt ætlað að hafa eftirlit með kostnaði við verkefnið og eftirfylgni með fjárhagsáætlun þess. Hann skal enn fremur annast upplýsingagjöf til sveitarfélaganna um verkefnið. Gert er ráð fyrir að teymisstjóri geri skýrslu um starfið og árangur þess, í samstarfi við stýrihópinn, í lok hvers starfsárs. Komi upp óleysanlegur ágreiningur innan stýrihóps varðandi samstarfið skal honum vísað til Samráðshóps SSH á sviði velferðarmála.

6. Tímabil

Mennta- og barnamálaráðuneytið veitti styrk til rekstur bráða- og viðbragðsteymisins á höfuðborgarsvæðinu til tveggja ára frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Lok samnings er 31. desember 2027.

7. Rannsókn og mat á árangri verkefnis

Rannsókn og mat á árangri bráða- og viðbragðsteymisins er unnið í samvinnu við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

8. Starfsfólk bráða- og viðbragðsteymisins

Bráða- og viðbragðsteymið hefur yfir að ráða 6,5 stöðugildum. Þau skiptast niður í einn teymisstjóra, tvo starfsmenn sem sinna ráðgjöf/málavinnslu s.s. vegna velferðar- og uppeldismála, einn sálfræðing og starfsmenn í hlutastarfi sem sinna einstaklingsstuðningi við barnið.

9. Teymistjóri bráða- og viðbragðsteymisins

Teymistjóri bráða- og viðbragðsteymisins ber ábyrgð á daglegri starfsemi teymisins, ráðningum og almennu starfsmannahaldi, situr í stýrihópi verkefnisins og heldur utan um fjárhagsramma þess. Að auki ber teymistjóri ábyrgð á verklagi, inntökuferli, dreifingu verkefna, kynningum á starfseminni, samstarfi við aðra þjónustuveitendur og samskiptum vegna rannsókna og mats á árangri verkefnis.

10. Tilvísun í bráða- og viðbragðsteymið

Skilgreindir þjónustuveitendur skv. lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 geta vísað í bráða- og viðbragðsteymið ef barn á aldrinum 10-18 ára beitir eða hótar líkamlegu ofbeldi, af ásetningi sem birtingarmynd áhættuhegðunar og foreldrar samþykkja aðkomu teymis.

Tilvísendur fylgja þeim verkferlum sem nú þegar eru til og samþykktir eru innan hvers sveitarfélags og lögreglunnar, í takt við farsældarlög og stigskipta þjónustu. Þjónusta bráða- og viðbragðsteymisins bætist því við gildandi verklag og þjónustu.

Tilvísun í bráða- og viðbragðsteymið kemur ekki í stað tilkynninga til barnaverndar, lögreglu eða annarra þjónustuveitenda.

11. Ábyrgð máls

Ábyrgð máls liggur hjá ábyrgðaraðila máls í lögheimilis sveitarfélagi barns.

Ef mál barns er opið hjá félagsþjónustu sveitarfélags er ráðgjafinn/málstjóri hjá félagsþjónustu ábyrgðaraðili.

Ef mál barns er opið hjá barnavernd er ráðgjafinn/málstjóri í barnavernd ábyrgðaraðili máls.

Ef barn á ekki opið mál hjá félagsþjónustu/barnavernd er ábyrgðaraðili máls tengiliður farsældar í grunn- eða framhaldsskóla barnsins óháð samþættingu.

Lögheimilisreglan er meginreglan en á því eru undantekningar svo sem ef:

Barn gengur í skóla í öðru sveitarfélagi en þar sem lögheimilis sveitarfélag þess er. Þá skulu lögheimilis sveitarfélag barns og sveitarfélag skóla og/eða barnaverndarþjónustan, semja um það sín í milli hver á að vinna málið áfram og bera ábyrgð á málinu og fylgja því síðan eftir þegar bráða- og viðbragðsteymið lokar málinu.

12. Upphaf aðkomu bráða- og viðbragðsteymisins

Ef þjónustuveitandi hefur aðkomu að máli þar sem barn hefur beitt annað barn ofbeldi, eða fær upplýsingar um að barn hafi beitt annað barn líkamlegu ofbeldi eða hótad líkamlegu ofbeldi, getur hann haft samband við teymisstjóra með tölvupósti eða símtali og rætt mögulega aðkomu teymisins, án persónugreinanlegra upplýsinga vegna málsins. Telji teymisstjóri eða staðgengill hans að teymið ætti að koma að málinu getur þjónustuveitandi boðið forsjáraðilum þjónustu teymisins, fyllt út beiðni og forsjáraðilar skrifa undir. Beiðnin er svo send til teymisins með Signet Transfer og hefur teymið málavinnslu eins fljótt og auðið er, helst innan tveggja daga. Ef þjónustuveitandi, eins og til dæmis lögreglan, getur ekki ráðfært sig við teymið áður en forsjáraðila er boðin þjónustan má fylla strax út beiðni. Upplýsa þarf forsjáraðila í þessum tilvikum um að ekki er hægt að staðfesta að þjónustan sé í boði fyrr en svar hefur borist frá teyminu.

13. Samvinna bráða- og viðbragðsteymisins og ábyrgðaraðila máls

Bráða- og viðbragðsteymið hefur eins fljótt og auðið er samband við forsjáraðila barns og upplýsir um að ekki sé hægt að koma á formlegri vinnslu fyrr en komið er á sambandi við ábyrgðaraðila máls í viðkomandi lögheimilis sveitarfélagi barns. Í samvinnu við lögheimilis sveitarfélag barns eru næstu skref ákveðin. Smærri ákvarðanir, sem rúmast inn í þjónustu bráða- og viðbragðsteymisins, þurfa ekki samþykki lögheimilis sveitarfélags.

14. Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Vegna eðli bráða- og viðbragðsteymisins er þörf á umfangsmiklu samstarfi þjónustuveitenda til að mæta þörfum barns. Ef mál barns er ekki samþætt þegar bráða- og viðbragðsteymið hefur störf ber teyminu að kynna og bjóða barni og/eða forsjáraðila samþætta þjónustu. Vilja forsjáraðilar ekki þiggja boð um samþætta þjónustu þarf teymisstjóri að meta hvort teymið geti starfað áfram

að markmiðum í máli barns án samþættingar. Ef teymið getur ekki haldið áfram málavinnslu, ber því að kynna fyrir forsjáraðilum að hægt sé að sækja ráðgjöf og þjónustu í lögheimilis sveitarfélagi barns.

15. Stuðningsteymi

Ef mál er samþætt og ábyrgð samþættingar liggur hjá málstjóra farsældar í félagsþjónustu eða hjá barnavernd, áður en bráða- og viðbragðsteymið hefur störf, verða meðlimir teymisins aðilar máls og sitja í stuðningsteymi farsældar á meðan málið er til vinnslu hjá teyminu. Uppfæra þarf stuðningsáætlun m.t.t. til þess.

Ef teymið kemur að málefnum barns þar sem þörf er á að stofna stuðningsteymi og stuðningsáætlun hjá félagsþjónustu eða barnavernd getur teymið tekið þátt í þeirri vinnu, sé þess óskað af lögheimilis sveitarfélagi barns.

16. Þjónusta bráða- og viðbragðsteymisins

Þjónustan sem bráða- og viðbragðsteymið býður upp á getur verið margþætt og ólík eftir eðli þeirra mála sem berast í teymið. Þjónustan getur meðal annars falið í sér uppeldisráðgjöf inn á heimili barna og forsjáraðila þeirra, stuðning á skólatíma, tímabundna þjónustu utan skóla á skólatíma séu rök fyrir slíku inngripi, einstaklingsstuðning og sálfræðiþjónustu fyrir börnin sem fá þjónustu í teyminu og fjölskyldur þeirra. Séu þarfir barns aðrar en koma fram í þessum verklagsreglum skal teymið, í samvinnu við ábyrgðaraðila máls og stuðningsteymi sé það starfandi, finna leiðir til að verða við þeirri þjónustupörf.

17. Aðkoma barns

Leitast skal við að tryggja [aðkomu barns](#) í allri vinnu bráða- og viðbragðsteymisins og tekið sé tillit til afstöðu barnsins. Við upphaf vinnu máls í teyminu skal eiga samtalið við barn, s.s. af hverju teymið er í máli barnsins, um hvernig aðkoma teymisins gæti litið út, hvaða skoðanir barnið hefur á þjónustunni, hvaða markmið það vill setja sér og hvernig það vill að rödd þess heyrist.

18. Þagnarskylda og meðferð persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga er á ábyrgð samningsaðila og ber í því tilliti að fara eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og/eða lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 eftir því sem við á hverju sinni. Starfsfólk sveitarfélaganna er bundið þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 sbr. 57. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þagnarskylda helst þó svo að samstarfi milli aðila ljúki og einnig þótt starfsfólk láti af störfum.

19. Skráning í málaskráningarkerfi

Lögheimilis sveitarfélag barns ber ábyrgð á skráningu máls í málaskráningarkerfi sveitarfélagsins og ber ábyrgð á vinnslu málsins í framhaldinu, sjá lið 10. Ábyrgðaraðili lögheimilis sveitarfélags og teymið eru í reglulegum samskiptum á meðan mál er til vinnslu hjá teyminu. Ábyrgðaraðili lögheimilis sveitarfélags skráir upplýsingar í málaskrá eða í persónumöppu barns í skóla ef ábyrgð er hjá tengilið farsældar, skv. farsældarlögunum. Starfsfólk bráða- og viðbragðsteymisins skráir við vinnslu málsins í verkskýrslu þær upplýsingar og samskipti sem verða til við vinnslu málsins.

Verkskýrslan er vistuð á læstu TEAMS svæði bráða- og viðbragðsteymisins í gagnagrunni Reykjavíkurborgar, sem borgin ber ábyrgð á. Teamssvæðið er eingöngu opið fyrir starfsfólk bráða- og viðbragðsteymisins en læst öðrum. Samantekt málsins og ráðleggingar um næstu skref fara

einnig í verkskýrsluna og aðrar tilfallandi upplýsingar, séu þær mikilvægar s.s. viðhaldsplan. Teymisstjóri eða staðgengill hans sendir lokaskýrslu til lögheimils sveitarfélags barns með rafrænum öruggum hætti eins og Signet Transfer eða Dokobit þegar teymið hefur lokið störfum.

Skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er Reykjavík skilaskyldur aðili og þarf að óska sérstaklega eftir eyðingu gagna hjá Þjóðskjalasafni Íslands eigi að eyða umræddum gögnum við lok verkefnisins. Samstarfsaðilar skulu koma sér saman um hvort eyða skuli gögnum á TEAMS svæði í lok samstarfsverkefnisins sbr. 5. lið.

20. Flutningur ábyrgðar máls á milli þjónustustiga

Flytjist ábyrgð máls á milli þjónustustiga (1.-2.-3.) skv. farsældarlögum, á meðan mál barns er opið hjá bráða- og viðbragðsteyminu, heldur vinna teymisins áfram að óbreyttu.

21. Túlkaþjónusta

Sé þörf á túlkaþjónustu við vinnslu máls skal kostnaður vegna þess greiðast af því sveitarfélagi þar sem lögheimili barnsins er skráð.

22. Lokun máls

Mál barns skal ávallt hafa sem stystan vinnslutíma innan bráða- og viðbragðsteymisins. Teymið á einungis að koma að máli barns í takmarkaðan tíma, allt frá nokkrum dögum upp ca. 4-5 vikur. Vinnslutími máls byggir á gögnum og faglegu mati teymisstjóra og ábyrgðaraðila máls hjá lögheimilis sveitarfélagi barns. Þegar vinnslutíma máls lýkur telst það vera í farvegi, svo sem þegar hættu á frekara ofbeldi hefur verið afstýrt eða önnur viðeigandi þjónusta tekin við innan sveitarfélags. Vinnsla teymisins getur einnig lokið þegar árangur hefur ekki náðst og vinnsla talin fullreynd. Að lokinni vinnslu bráða- og viðbragðsteymisins skal lögheimilis sveitarfélag barns fylgja málinu eftir.

Komi upp ágreiningur um lok máls barns hjá bráða- og viðbragðsteyminu tekur teymisstjóri teymisins endanlega ákvörðun.

23. Eftirfylgd

Ef ástæða þykir til er möguleiki á að bráða- og viðbragðsteymið veiti eftirfylgd í máli. Sé slíkt ákveðið er útfærsla ákveðin með ábyrgðaraðila máls, forsjáraðilum og eftir atvikum barninu sjálfu.

24. Lög og reglugerðir

Bráða- og viðbragðsteymið skal starfa eftir þeim lögum og reglum sem eiga við í málaflokknum og þeim sveitarfélögum sem þau eru í samvinnu við á hverjum tíma. Verklag og samvinna kerfa skal byggja á [lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021](#). Einnig gilda eftirfarandi lög og reglur um starfsemi teymisins svo sem:

[Barnaverndarlög nr. 80/2002](#)

[Barnalög nr. 76/2003](#)

[Lög um félagsþjónustu nr. 40/1991](#)

[Reglugerð um skólþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019](#)

[Lög um grunnskóla nr. 91/2008](#)

[Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008](#)

[Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013](#)

[Lögreglulög nr. 90/1996](#)



Samstarfsyfirlýsing vegna þátttöku Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í miðlægu bráða- og viðbragðsteymi á höfuðborgarsvæðinu vegna ofbeldis meðal barna

1) Tilgangur og markmið

Undirritaðir aðilar, Barna- og fjölskyldustofa (BOFS) og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, lýsa yfir vilja til þátttöku og samstarfs í starfi bráða- og viðbragðsteymi höfuðborgarsvæðisins (hér eftir teymið) vegna ofbeldis meðal barna á aldrinum 10 til 18 ára í samræmi við samstarfssamning sveitarfélaganna um miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna frá **dags xx.xx.2026** og samþykktar verklagsreglur bráða- og viðbragðsteymis og stýrihóps.

2) Hlutverk Barna- og fjölskyldustofu

- Stuðningur við þjálfun starfsfólks bráða- og viðbragðsteymisins á meðan samningstíma standur.
- Regluleg handleiðsla farsældar- og meðferðarsviðs vegna vinnslu einstaklingsmála í bráða- og viðbragðsteyminu.
- Stuðningur við mat á verkefninu, sbr. 6. gr. verklagsreglna teymisins.

3) Hlutverk Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu

- Aðkoma að samráðsfundum og sameiginlegri vinnslu einstaklingsmála í bráða- og viðbragðsteymi.
- Seta í stuðningsteymum barna skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Að bregðast við á vettvangi og bjóða forsjáraðilum barns þjónustu teymisins.

4) Fjárhagsleg atriði

- BOFS og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu bera kostnað vegna starfs síns starfsfólks sem tengist vinnu teymisins.
- Að öðru leyti skapast engar fjárhagslegar skuldbindingar með þessari yfirlýsingu.

5) Gildistími og afturköllun

- Yfirlýsingin tekur gildi við undirritun.



- Ef aðili vill hætta samstarfi samkvæmt samstarfsyfirlýsingu þessari er það heimilt að undangenginni umræðu í stýrihópi teymisins um ástæður þess. Skal það þá tilkynnt öllum hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og starf teymisins endurskoðað í samræmi við það.

6) Aðilar sem undirrita þessa samstarfsyfirlýsingu:

- Barna- og fjölskyldustofa
- Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Undirritun

Með undirritun staðfesta eftirfarandi aðilar vilja sinn til samstarfs í samræmi við ofangreint.

F.h. Barna- og fjölskyldustofu,

Ólöf Ásta Farestveit forstjóri

F.h. Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu,

Halla Bergþóra Björnsdóttir lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu

Styrktarsamningur

Mennta- og barnamálaráðuneytið, kt. 460269-2969, hér eftir ráðuneytið, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, hér eftir styrkþegi, gera með sér svofelldan samning:

1. Markmið með samningnum og lýsing verkefnis

- 1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við verkefnið miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við umsókn sveitarfélagsins þann 30. júní, 2025.
- 1.2. Árangur og framgangur verkefnis samnings þessa er mældur út frá þeim mælikvörðum sem tilgreindir voru í umsókn sveitarfélagsins.
- 1.3. Markmið samnings þessa er að tryggja stefnu skv. kafla 29.40 í fjármálaáætlun.

2. Framlag og skyldur ráðuneytisins

- 2.1. Með samningi þessum veitir ráðuneytið styrkþega styrk að fjárhæð kr. 240.727.235 vegna þeirra verkefna sem tilgreind eru í 1. gr. Styrknum tekur til launakostnaðar hjá sveitarfélögum og kaup á sérhæfðri ráðgjöf. Styrkurinn nær ekki til kostnaðar vegna mannauðsmála, tækjakaupa eða annan aðbúnað fyrir starfsfólk. Framlag til mats á verkefninu, sem Háskóli Íslands annast, hefur verið lækkaður úr 20 m.kr. í 15 m.kr.
- 2.2. Styrkurinn kemur frá málaflokki 29.40, af fjárlagalið 02-999-121.
- 2.3. Styrkurinn verður greiddur út í tveimur greiðslum inn á bankareikning viðskiptabanka styrkþega með eftirfarandi fyrirkomulagi: kr. 192.727.235 greiðast eftir undirritun samnings þessa og kr. 48.000.000 greiðast eftir skil skýrslu, sbr. 3.3. gr. samnings þessa, sbr. þó 3.4. gr.
- 2.4. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015, sbr. og einnig reglugerð nr. 642/2018 um styrkveitingar.
- 2.5. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 2.6. Tengiliður ráðuneytisins við styrkþega er Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

3. Ábyrgð og skyldur styrkþega

- 3.1. Styrkþega er óheimilt að ráðstafa styrknum í annað en þau verkefni sem tilgreind eru í 1. gr. þessa samnings. Þá er styrkþega jafnframt óheimilt að afhenda og/eða framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
- 3.2. Styrkþegi skal taka fram í kynningarefni þeirra verkefna sem samningur þessi tekur til að verkefnin séu styrkt af mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- 3.3. Styrkþegi skal eigi síðar en 60 dögum frá lokum samningstíma, skila mennta- og barnamálaráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um framvindu verkefna og reikningsskil í samræmi við 2. mgr. 42. gr. laga um opinber fjármál. Í skýrslu skal gerð grein fyrir framgangi og árangri verkefna, m.a. út frá mælikvörðum skv. 1.2. gr. þessa samnings. ásamt sundurliðun á hvernig styrknum var ráðstafað. Skýrsluna skal senda á netfangið mrn@mrn.is.
- 3.4. Lokagreiðsla skv. 2.3. gr. þessa samnings er háð því að styrkþegi hafi skilað fullnægjandi skýrslu skv. 3.3. gr. Hafi skýrslu ekki verið skilað innan 60 daga frá lokum samningstíma fellur lokagreiðsla niður. Jafnframt getur það haft áhrif á frekari

styrkveitingar til styrkhafa vanræki hann skyldur sínar um skil skýrslu skv. 3.3. gr. þessa samnings.

- 3.5. Styrkþegi skal auk þess veita ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir um þau verkefni sem samningur þessi tekur til, hvenær sem ráðuneytið óskar þess. Styrkþegi skal láta í té allar upplýsingar og gögn um verkefnin, eins fljótt og auðið verður.
- 3.6. Styrkþegi tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir styrkþegi frá úrræðum sem hann hyggst grípa til.

4. Vanefndir

- 4.1. Ráðuneytinu er heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja um greiðslur, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu, og öðrum kostnaði sem kann að falla til, ásamt vöxtum skv. ákvæðum laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, uppfylli styrkþegi ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum. Að sama skapi getur það leitt til endurskoðunar á styrkfjárhæð og/eða skapað ráðuneytinu endurkröfurétt ef styrkþegi brýtur með athöfnum eða athafnaleyfi gegn skilyrðum eða forsendum fyrir framlagi eða styrk í samningi þessum.
- 4.2. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 4.3. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

5. Gildistími

- 5.1. Samningurinn gildir frá undirritunardegi til 31. desember 2027.

Reykjavík, 6.11.2025

f.h. mennta- og barnamálaráðherra
Halldóra D. Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri

f.h. Reykjavíkurborgar
Rannveig Einarsdóttir, sviðstjóri

Umsókn um styrk til sveitarfélaga í þágu farsældar barna

Mennta- og barnamálaráðuneytið / 30.6.2025 12:54

Um úthlutina:

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki til verkefna sem miða að því að efla farsæld barna. Styrkirnir eru veittir til verkefna sem stuðla að bættri þjónustu og velferð barna, þar á meðal á sviði menntunar, frístundastarfs, forvarna, samfélagslegrar virkni og ráðgjafar og stuðnings við börn og fjölskyldur þeirra. Sérstök áhersla er lögð á verkefni sem er ætlað að sporna við þróun í átt að auknu ofbeldi meðal barna.

Umsækjandi (sveitarfélag)

Nafn (sveitarfélag)	Reykjavíkurborg
Kennitala (sveitarfélag)	530269-7609
Netfang (sveitarfélag)	velferd@reykjavik.is

Tengiliður vegna styrkumsóknar

Nafn tengiliðs	Rannveig Einarsdóttir
Netfang tengiliðs	rannveig.einarsdottir@reykjavik.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)

Nafn samstarfsaðila	Kópavogsbær
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðila	sigrun.th@kopavogur.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)²

Nafn samstarfsaðila	Hafnarfjarðarbær
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðila	gudlaugg@hafnarfjordur.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)³

Nafn samstarfsaðila	Garðabær
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðila	svanhildurthe@gardabaer.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)⁴

Nafn samstarfsaðila	Mosfellsbær
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðila	sigurbjorgf@mos.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)⁵

Nafn samstarfsaðila	Seltjarnarnesbær
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðila	baldur@seltjarnarnes.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)⁶

Nafn samstarfsaðila	Barna- og fjölskyldustofa
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðila	margret.e.yngvadottir@bofs.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)⁷

Nafn samstarfsaðila	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðila	thora.jonasdottir@lrh.is

Reikningsupplýsingar umsækjenda

Kennitala reikningseiganda	530269-7609
Banki	0101
Höfuðbók	26
Reikningur	56

Mótframlag umsóknaraðila

Er sótt um styrki vegna verkefnisins til annarra?	Nei
Ef já, til hvaða annarra aðila er sótt um styrk?	Nánari upplýsingar um vinnuframlag umsækjenda má finna í fylgiskjali 1
Hefur verkefnið þegar hlotið styrk frá öðrum aðilum?	Nei
Ef já, hverjir hafa veitt verkefninu styrk?	

Verkefni

Heiti verkefnisins	Miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna á höfuðborgarsvæðinu
Sótt er um styrk að fjárhæð	314.949.530 kr.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnis er draga úr ofbeldi og ógnandi hegðun meðal barna og samræma viðbrögð þjónustuveitenda skv. lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Því er einnig ætlað að auka viðbragðsflýti vegna ofbeldismála, auðvelda og skýra boðleiðir þegar upp koma ofbeldistilfelli og tryggja að öll kerfi starfi saman eins fljótt og auðið er. Með samræmdum viðbrögðum við ofbeldishegðun barna skapast nauðsynleg sérþekking sem mun nýtast vel á vettvangi og í forvarnarstarfi.

Stutt lýsing á verkefninu

Verkefnið er miðlægt bráða- og viðbragðsteymi vegna ofbeldis meðal barna og er samvinnuverkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, Barna- og fjölskyldustofu og Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin bera jafna ábyrgð á teyminu en Reykjavíkurborg hýsir teymið. Sveitarfélögin munu gera með sér samstarfssamning skv. 92. gr. stjórnsýslulaga með nánari útfærslum. Teyminu er ætlað að tryggja að þau mál sem upp koma á höfuðborgarsvæðinu séu unnin af miðlægu, þverfaglegu og sérhæfðu teymi sem virkjust um leið og ofbeldi eða hótanir á meðal 10 – 18 ára barna sem sýna áhættuhegðun, á sér stað eða kemur upp. Teymið virkjust með samþykki foreldra þegar ofbeldismál koma upp en teyminu er einnig ætlað að ná til þeirra ofbeldismála sem ekki eru tilkynnt til lögreglu eða barnaverndar. Viðbragðstími teymis er að jafnaði innan sólahrings. Almennir frídagar geta þó lengt viðbragðstímann. Þjónustuveitendur skv. samþættri þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 geta virkjað teymið á einfaldan hátt. Teymið mun ávallt kynna og bjóða forsjáraðilum og barni, ef við á, samþætta þjónustu ef mál barnsins er ekki samþætt þegar teymið er virkjað. Teyminu er ætlað að vinna með einstaka mál frá því að barn hótar eða beitir ofbeldi og þangað til búið er að tryggja framgang máls innan skóla barnsins, barnaverndar- eða félagsþjónustu viðeigandi sveitarfélags. Áætlað að vinnsla teymisins geti varað í 1 - 6 vikur, eftir eðli máls. Þegar teymið hefur sinnt hlutverki sínu, í samvinnu við viðeigandi sveitarfélag lýkur aðkomu þess með fundi og skýrslu. Teymið mun bjóða upp á eftirfylgd í þeim málum sem við á. Teymið sinnir einnig mikilvægu hlutverki gagnvart skólum og félagsstarfi barns með því að veita möguleika á tímabundinni þjónustu á skólatíma sem fer fram í nærumhverfi barnsins t.d. í húsnæði félagsmiðstöðvar, á meðan öryggi viðeigandi aðila er tryggt. Einnig mun teymið styðja við barnið við endurkomu inn í grunn- eða framhaldsskóla ef á við. Þá tryggir teymið að ofbeldisatvik verði tilkynnt/skráð hjá viðeigandi barnaverndarþjónustu og lögreglu eins og við á. Með tilkomu teymisins verður einnig hægt að auka stuðning við aldurshópinn 16-18 ára auk þess sem það getur verið ráðgefandi fyrir sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins. Teymið samanstendur af teymisstjóra, tveim félagsráðgjöfum, sálfræðing í fullu starfi og þremur til fjórum starfsmönnum í 250% stöðugildum sem sinna einstaklingsstuðningi. Auk þess mun Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, einna helst samfélagslögreglan, leggja til vinnu í teymið í formi samráðs- og samstarfsfunda og aðkomu að einstaklingsmálum. Teymið mun fá vikulega handleiðslu frá reyndum sérfræðingum á Barna- og fjölskyldustofu, annarsvegar frá Meðferðarsviði og hins vegar frá Farsældarsviði, til að tryggja að unnið sé eftir lögum um samþætta þjónustu nr. 86/2021. Auk þess mun Barna- og fjölskyldustofa bjóða öllum málstjórum sem starfa á höfuðborgarsvæðinu upp á námskeið vegna vinnslu mála þar sem börn beita ofbeldi.

Hlutverk samstarfsaðila, ef við á

Sveitarfélögin bera sameiginlega ábyrgð á verkefninu þrátt fyrir að Reykjavíkurborg hýsi teymið. Lögreglan leggur til vinnu í teymið í formi samráðs- og samstarfsfunda og aðkomu að einstaklingsmálum m.a. vegna sáttarmiðlunar. Barna- og fjölskyldustofa mun veita teyminu vikulega handleiðslu auk þess bjóða öllum málstjórum sem starfa á höfuðborgarsvæðinu upp á námskeið vegna vinnslu mála þar sem börn beita ofbeldi. Háskóli Íslands ber ábyrgð á mati verkefnis og frekari rannsóknum.

Hvernig verður árangur verkefnisins mældur?

Árangur verkefnis verður mældur í samstarfi við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Áætlaður kostnaður frá HÍ er 20 milljónir króna.

1. Undirbúningur og skipulag verkþátta í samvinnu við verktaka.
2. Grunnmæling á tíðni og tegund ofbeldis meðal barna og unglunga hjá viðbragðsaðilum. Könnun inniheldur Samtals 30 spurningar.
3. Kortlagning á tíðni og tegund ofbeldis meðal barna og unglunga. Gerendur / þolendur. Unnið verður upp úr fyrirliggjandi gögnum.
4. Rýnihópar með viðbragðsaðilum og foreldrum, samtals 5 rýnihópar.
5. Drög að samræmdum viðbragðsáætlunum á samráðsfundi með viðbragðsaðilum. Niðurstöður könnunar, kortlagningar og rýnihópa nýttar.

6. Endurtekning grunnmælingarannsóknar að ári.

Lýsið hvernig verkefninu verður viðhaldið eftir að samningstímabilinu lýkur

Við lok tilraunatímans, m.t.t. þeirrar þróunar sem hefur orðið í málaflokknum, verður metið hvaða leið verður farin til að tryggja að sá árangur sem náðst hefur haldi áfram. Ætla má að með þessu samhenta átaki sveitarfélaganna verði hefðin fyrir samstarfi orðin meiri, yfirsýnin betri, viðbrögðin orðin samræmdari og sú sérþekking sem myndast með störfum teymisins og fræðslu frá Barna- og fjölskyldustofu, sitji eftir á 1., 2. og 3. þjónustustigi. Einnig eru vonir um að á tímabilinu takist að stytta biðlista í viðeigandi úrræði. Við lokamat verkefnis verður skoðað með hvaða hætti sveitarfélögin geta unnið áfram saman að málaflokknum ákvörðun tekin um framhald verkefnisins í tengslum við aðgerðir annarra stofnanna vegna ofbeldis meðal barna.

Kynning á niðurstöðum

Starfsfólk teymisins auk samstarfsaðila eru tilbúnir til að kynna verkefnið og niðurstöður mats og rannsókna fyrir hagsmunaaðilum, þjónustuveitendum, öðrum sveitarfélögum og fleirum eftir þörfum.

Fagþekking verkefnateymis

Lagt verður upp með að starfsfólk teymisins sé þverfaglegt og hafi yfirlit mikla þekkingu á málefnum barna og fjölskyldna, ofbeldismálum og reynslu í samskiptum við börn og unglunga. Teymið samanstendur af félagsráðgjöfum, sálfræðing og stöðugildum í hlutastarfi fyrir tómstunda- og félagsmálafræðinga og/eða reynslumikla starfsmenn félagsmiðstöðva. Lagt verður upp með að teymið sé fjölbreytt og sé þversnið af samfélaginu m.t.t. kynja og fjölbreyttra tungumála- og menningarbakgrunna. Sá faglegi stuðningur sem teymið hefur aðgang að hjá Barna- og fjölskyldustofu mun einnig tryggja að unnið sé eftir gagnreyndum aðferðum og eftir nýjustu rannsóknarniðurstöðum á hverjum tíma.

Reglur og ferlar

Ábyrgð málsmeðferðar er ávallt hjá ábyrgðaraðila innan viðkomandi sveitarfélags og þjónustustigs. Teyminu er ætlað að veita stuðning þar sem málið er stadd að hverju sinni. Starfsfólk teymisins mun því ekki taka stjórnsýslulegar ákvarðanir nema í samvinnu við ábyrgðaraðila, veita ráðgjöf og styðja við þær ákvarðanir sem teknar eru innan sveitarfélagsins. Reglur, ferlar og lagalegur grunnur fer því eftir því á hvaða þjónustustigi málið er unnið. Teymið mun þó ávallt vinna eftir lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Nánari útlistun má finna í fylgiskjali 1.

Sundurliðuð kostnaðaráætlun

Sjá fylgiskjal 2

Fylgiskjöl til stuðnings umsóknar

Fylgiskjal 1	Fylgiskjal 1 - Umsókn um styrk í þágu farsældar barna.pdf
Fylgiskjal 2	Fylgiskjal 2 - Kostnaðaráætlun_.pdf
Fylgiskjal 3	Fylgiskjal 3 - Tímalína_.pdf